



Alþingi

Nefndanefnd Alþingis
Þórshamri við Templarasund
150 Reykjavík

Erindi nr. Þ 120/1431

Komudagur 15/4 1996

Reykjavík 15.04.1996

Félagsmálanefnd Alþingis hefur óskað eftir álitum Félags blikksmiða á frumvarpi ríkisstjórnar Íslands um breytingar á lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum.


Félag blikksmiða mótmælir harðlega framlagningu frumvarpsins og teljum við eðlilegra og sjálfsagðara að aðilar vinnumarkaðarins móti reglur í samskiptum sínum. Þessi vinnubrögð eru gróf íhlutun í innri málefni verkalyðshreyfingarinnar og er greinilegt að þeir aðilar sem unnið hafa þessi frumvarpsdrög virðast ekki hafa mikinn skilning á því starfi sem fram fer innan hennar.


Nauðsynlegt er að viðtæk sátt ríki um breytingar sem gerðar eru á samskiptareglum á vinnumarkaði en stjórnvöld eru greinilega ekki á sama máli og virðast ekki óska eftir þrihliða samstarfi í framtíðinni.


Frumvarpið er í raun í andstöðu við alþjóðasamþykktir sem íslensk stjórnvöld hafa undirgengist og flestar greinar þess rýra sjálfstæði stéttarfélaganna. Ekki er gætt jafnvægis á milli aðila eins og samþykktir Alþjóða vinnumálastofnunarinnar mæla fyrir um og virðist frumvarpið sniðið eftir kröfum atvinnurekenda. Einnig virðist að þau lýðræðislegu vinnubrögð sem viðhöfð eru innan verkalyðshreyfingarinnar séu þyrmir í augum stjórnvalda því ef þetta frumvarp verður að lögum mun það skerða áhrif einstakra félagsmanna verulega.


Félag blikksmiða krefst þess að frumvarpið verði tekið af dagskrá Alþingis á meðan heildarsamtök samningsaðila eru að koma sér saman um eðlilegar samskiptareglur, sem við teljum vera nauðsynlegt. Það er óþolandi, samkvæmt framansögðu, að þetta frumvarp sé hangandi yfir samningsaðilum sem nokkurskonar svipa á meðan þær viðræður fara fram.

Með vinsemd og virðingu
F.h. Félags blikksmiða


Einar Gunnarsson formaður


Haukur Guðjónsson varaformaður


Gunnar Björn Gunnbjörnsson ritari


Reynir Olgeirsson gjaldkeri


Sævar Jónsson meðstjórnandi

Samrit sent öllum alþingismönnum og miðstjórn ASÍ.